

**Nd.**

**842. Frumvarp til laga**

[258. mál]

um breyting á lögum nr. 52/1975, um Viðlagatryggingu Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 541 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:

5. gr. orðist svo:

Eftirtalin verðmæti er skylt að tryggja:

- a. Allar húseignir og lausafé, þar með taldar vöruburgðir, vélar og tæki, enda séu þessi verðmæti brunatryggð hjá vátryggingarfélagi eða stofnun, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Tryggingarskyldan nær einnig til lausafjár, sem tryggt er almennri samsettri tryggingu, er innifelur brunatryggingu, enda flokkist slík trygging undir eignatryggingar samkvæmt skilgreiningu tryggingaeftirlitsins. Pó skulu þær tryggingar, er flokkast undir svo nefndar „ALL RISKS“ tryggingar eða einstakar sértryggingar ekki falla undir viðlagatrygginguna, nema með sérstöku samþykki stjórnar stofnunarinnar. Tryggja skal allt ræktað land og lóðir, sem metin eru af Fasteignamati ríkisins.

- b. Neðangreind mannvirki:

Hitaveitur.

Vatnsveitur.

Skolpveitur.

Hafnarmannvirki.

Brýr.

Raforkuvirki, þar með talin dreifikerfi, stíflur og veitumannvirki.

Sími og önnur fjarskiptakerfi, þar með talin dreifikerfi hljóðvarps, sjónvarps og flugþjónustu.

Heimilt skal stjórn stofnunarinnar, að fengnu samþykki ráðherra að ákveða, að stofnunin taki að sér að tryggja önnur verðmæti en þau, sem falla undir skyldutrygginguna samkvæmt a. og b. lið hér að framan.